



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

nóvember 2025

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í september sl. Við hjá AkAk þökkum fyrir samstarfið á árinu og óskum ykkur ljúfra stunda á aðventunni og um hátíðarnar.

Heimsókn

Fyrir skömmu komu góðir gestir frá Háskólanum á Akureyri í heimsókn til okkar; rektor, forsetar fræðasviðanna og tengiliður skólans við AkAk. Tilefnið var að eiga fund um samstarfsmál en AkAk og HA hafa lengi átt með sér farsælt samstarf. Við þökkum kærlega fyrir heimsóknina og góðar samræður.

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Í lok október sl. var [Heiða Björk Vilhjálmsdóttir](#), verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Listasafninu á Akureyri, með fyrirlestur á Hlíð um ólíka miðla myndlistar út frá völdum verkum úr safneign Listasafnsins. Þetta var fjórði og síðasti fyrirlesturinn á hjúkrunarheimilunum á þessu ári og mun AkAk halda áfram með þetta verkefni á nýja árinu. Samtals voru það ca. 145 gestir sem sóttu fyrirlestrana í ár.

Bakarís-fyrirlestrar

AkAk stóð nýlega fyrir tveimur fyrirlestrum í Brauðgerðarhúsinu í Sunnuhlíð. Í þeim fyrri fjallaði [Skafti Ingimarsson](#), sagnfræðingur og sjálfstætt starfandi fræðimaður hjá AkAk, um Einar Olgeirsson, ritara Kommúnistaflokks Íslands (1930–1938) og formann Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins (1938–1968). Erindi Skafta byggði á nýrri bók hans: *Nú blakta rauðir fánar: saga kommúnista- og sósíalistahreyfingarinnar á Íslandi 1918–1968*. Bókin byggir á doktorsritgerð Skafta um samnefnt efni og vann hann að rannsókninni hjá AkAk. Í seinni fyrirlestrinum kynnti [Sara Stefánsdóttir](#), lektor við Iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri, doktorsritgerð sína í fötlunarfræði sem hún varði við Háskóla Íslands fyrr á þessu ári. Heiti ritgerðarinnar er *Glíma seinfærra foreldra við kerfisbundnar hindranir út frá réttindamiðaðri nálgun*. Sara vann að rannsókn sinni að hluta til hjá AkAk. Samtals voru það ca. 40 gestir sem sóttu þessa viðburði. Bakarís-fyrirlestrunum verður framhaldið á næsta ári.

Málþing

Í síðustu viku var haldið málþing í Háskólanum á Akureyri í samstarfi AkureyrarAkademíunnar, Háskólans á Akureyri og ReykjavíkurAkademíunnar um [starfshætti við lagagerð á Alþingi](#) og er tilefnið þau átök sem urðu við meðferð frumvarpa í þinginu sl. vor og sumar. ReykjavíkurAkademían hafði í september sl. staðið fyrir málþingi um þetta efni og var ákveðið að halda það líka hér fyrir norðan og með sömu framsögumönnum og fyrir sunnan - Þórunni Sveinbjarnardóttur, forseta Alþingis, dr. Davíð Þór Björgvinssyni, prófessor við HA og deildarforseta Lagadeildar, dr. Hauki Arnþórssyni, sjálfstætt starfandi fræðimanni við ReykjavíkurAkademíuna og Höllu Hrund Logadóttur, alþingismanni. Að loknum framsögum fóru fram líflegar og gagnlegar pallborðsumræður. Við hjá AkAk þökkum

framsögumönnum kærlega fyrir áhugaverð erindi, gestum fyrir komuna og Háskólanum á Akureyri og ReykjavíkúAkademíunni fyrir samstarfið. Um það bil 60 gestir sóttu málþingið, og þar af tæplega helmingur sem fylgdist með í streymi.

Innanhúsfólk

Nýlega birtist grein í tímaritinu *Stjórnmal og stjórnsýsla* sem heitir: [Workers' Descriptive Representation in the United Socialist Party, 1938–1968](#), en þar er fjallað um stjórnmalabátttöku verkafólks sem var í Sameiningarflokki alþýðu – Sósíalistaflokki á árunum 1938 til 1968. Rannsóknin byggir m.a. á félagatali flokksins. Höfundar eru Skafti Ingimarsson, sjálfstætt starfandi sagnfræðingur í AkureyrarAkademíunni, Kjartan Ólafsson, sérfræðingur við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Hermann Óskarsson, prófessor emeritus við Háskólann á Akureyri og Guðmundur Ævar Oddsson, prófessor við Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Greinin er aðgengileg í opnum aðgangi á vefsíðu tímaritsins.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, vefang <https://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir, netfang akak@akak.is